

18. febrúar 2015


Erindi til bæjarráðs Garðabæjar

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.3.2015
Málalykill	15.15
Mál nr.	1503308

Varðandi framkvæmdir við endurbætur og viðgerðir á keppnisvelli Sóta við Breiðumýri. Sem stendur er völlurinn nánast ónothæfur til íþróttaiðkunar vegna ástands. Meðfylgjandi er verklýsing og kostnaðaráætlun með tilboði frá verktaka.

Fyrir hönd Sóta óska undirritaðir eftir þeim endurbótum sem tilgreindar eru í meðfylgjandi skjölum.

Virðingarfyllst,


Jóhann Þór Kolbeinsson


Gunnar Karl Ársælsson

Keppnisvöllur Sóta við Breiðumýri: Endurbætur og viðgerðir

Verklýsing og kostnaðaráætlun

1. Fjarlægja þarf girðingu sem umlykur völlinn að innan- og utanverðu.
2. Skafa þarf yfirborð ofan af vellinum, fimm til sjö cm lag.
3. Setja þarf upp ræsingu frá miðju vallar, þrjá svelgi með jöfnu millibili, frárennslislagnir frá svelgjum út í skurð að norðanverðu, u.þ.b. 50 m hver. Þvermál frárennslislagna 250 mm með drénun undir velli, gengið frá með drénmöl og dréndúk. Svelgir þurfa að vera 300 mm. Einnig þarf að leggja lagnir í suðurátt frá svelgjum, þrjú stk 110 mm með jöfnu millibili, með drénun undir velli og við sitthvorn endann sömuleiðis. Halli innan vallar skal vera 40 prómill inn að svelgjum. Einnig þarf að setja 30 mm ídráttartaug fyrir rafmagn, frá félagsheimili og undir völl, u.þ.b. 10 m langa.
4. Setja þarf grúsarlag til hækkunnar á völlinn, 25 cm. Ekki er æskilegt að grjótstærð sé yfir fimm til sjö cm.
5. Millilag til að loka grús sett ofan á grúsarlag, kúbiksandur 0,8 mm. Fimm cm lag.
6. Yfirlag sett á völlinn, sjö cm Hekluvikur, fín malaður.
7. Endurstaðsetja þarf girðingu í verklokum með GPS punktum.
8. Kantfrágangur að innan- og utanverðu, gengið frá með grús og heflað, ein rönd af þökum sett innan með og utan með vallarkanti. Flái sérstaklega lagaður frá plani félagsheimilisins út til suðurs, út að skurð til frekari ræsingar.

Stærð vallar, helstu mál og tækniatriði

Lengd vallar: 300 metrar plús millitenging á minnkun vallar 50 metrar, samanlagt 350 m.

Breidd vallar: 5,5 metrar en 5 metrar milli banda á þvervegin

Tækniatriði: Vatnshalli vallar og halli í beygjum skal vera sambærilegur og í nýja vellinum hjá hestamannafélaginu Spretti.

Meðfylgjandi er mynd af velli og skýringarblað með u.þ.b. staðsetning á svelgjum, drénlögnum, ídráttartaug fyrir rafmagn og merkt fyrir fláa frá félagsheimili sunnanmegin í vesturátt.

Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar Karl í s. 8633060, eða arnarstaðakot@gmail.com.

Skýringar á mynd

1. 2. og 3. Frárennslislagnir
4. 5. 6. 7. og 8. Drénlagnir
9. Ídráttarrör fyrir rafmagn
10. Sérstakur flái að suðurskurði við völl

